




Jæja, þriðja sumarið í röð var ég mætt á alheimsráðstefnu Ladies Circle og er ekki alveg hætt enn. Alla vega tvær bíða mín í nánustu framtíð. Í ár var hún haldin í Vilnius höfuðborg Litháen en þangað hafði ég aldrei komið áður og hlakkaði mikið til. Við hjónin fórum saman í sex manna ferðahóp sem var búin að liggja yfir bókunum og halda óteljandi ferðafundi til að skipuleggja vikuferðalag um landið eftir ráðstefnuna.

Vilnius tók vel á móti okkur með smá rigningu en við skelltum bara upp regnhlífunum og skoðum okkur um nánasta umhverfi. Þurftum auðvitað að vita hvar allt það helsta væri, hraðbanki og svona. Hótelíð er í hjarta bæjarins og þar blasir við forn kastali uppi á hæð, kirkjur á hverju horni og gamlar byggingar í miðaldarstíl. Ambersteinar eru áberandi í verslunum en ég náði þó ekki að kaupa mér slíkt skart. Tíminn fór í eitthvað annað.

Nú þegar ég er ekki lengur fulltrúi LC Íslands á ráðstefnunni þá gat ég verið að gera allt annað á meðan fulltrúaráðsfundurinn stóð yfir. Þá skelltum við okkur í "guided tour" um Vilnius með krúttlegum leiðsögumanni. Hann sagði okkur t.d. frá því að körfubolti væri þjóðaríþrótt Litháa, það hafði ég ekki hugmynd um og að allir vissu um Ísland, alla vega fullorðna fólkið, eftir að Íslendingar voru fyrstir til að viðurkenna sjálfstæði þeirra árið 1991. Geri ráð fyrir að nemendur þurfi að leggja þetta á minnið í skólanum.

Sem betur fer vorum við komin til baka þegar Íslandskynningin fór fram á fundinum því planið var að við myndum öll mæta sem einn stór hópur og skála við fulltrúana. Það gekk allt eftir og var kynningunni vel tekið. Mjög margar LC konur eru ákveðnar í að koma til Íslands á næsta ári og taka maka sína með. Það er náttúrulega alveg frábært.

Við tók mesta partýkvöldið þar sem skruðganga var gengin frá opunarhátíðinni og í "welcome" partýið. Íslenski hópurinn var í góðri stemmingu í skruðgöngunni undir regnhlífunum sem og í partýinu.



Daginn eftir var aðalatriði ráðstefnunnar, sjálfur aðalfundurinn. Margar voru þreyttar eftir gærkvöldið og mér fannst biðin eftir kaffihléinu vera ansi löng. Fundurinn var áhugaverður og minnstætt er hversu hrærður belgíski forstöðumaður alþjóðlega góðgerðarverkefnisins var þegar hann tók á móti fjárframlagi frá LC. „Children of the dump“ er verðugt verkefni og ljóst að þar er unnið mikið óeigingjarnt starf í þágu barna í Kambódíu.

Heimapartýin eru alltaf á sama degi og aðalfundurinn og var mér raðað í partý heima hjá Mildu sem ég hef hitt áður á fyrri ráðstefnum. Við vorum samtíma landsforsetar og svo má eiginlega segja um flestar þær sem voru þarna saman um kvöldið. Milda og eiginmaður hennar voru alveg yndislegir gestgjafar. Á boðstólnum voru ýmsir þjóðlegir réttir og voru þarna framandi útfærslur á kartöflum og jellý eftirrétti sem vakti óskipta kátínu við matarborðið. Partýgestir fóru í leiki, drukku og borðuðum þangað til rútan flautaði fyrir utan.

Þetta er ekki allt búið enn því morgunin neftir þeyttist hin sex manna ferðahópur um nærliggjandi skóga og spýtti upp drullunni á eldgömlum safarí jeppum sem eigendum var slétt saman um. Vegirnir voru ekki beinlínis vegir heldur troðningar milli trjáa og lágu mikið til í





mýri. Punkturinn yfir i-ið var þegar við ókum fram á tvær sjötugar kellar í sveppatýnslu sem sátu pikkfastar í drullunni upp á bak og bara fuglinn fljúgandi komst fram hjá. Þetta var sko ekkert mál, kaðall var splæstur á bílinn og tryllt af stað.

Eftir svaðilför dagsins var snarbreytt yfir í sparigallann og mætt á ljómandi skemmtilegt Gala kvöld þar sem strákahljósveit skemmti gestum. Ný alheimsstjórn tók við keðjunum sínum og Chantess Wiggill nýi alheimsforsetinn okkar flutti ræðu og kynnti mottóið sitt fyrir komandi starfsár: **ENCOURAGE, EMPOWER, ENJOY.**

Þegar hér er komið er ferðalagið okkar hálfnað og við héldum út í litháensku sveitina. Heilt yfir er mjög fallett í landinu, stórir akkrar, reisuleg tré og falleg hús. Við gerðum alltaf eitthvað skemmtilegt á hverjum degi og heimsóttum Traikai kastalann, Klaipeda hafnarborgina við Eystrasalt, sumarleyfisparadís í Plateliai, Hill of Crosses, spaugilega fyndið spa í Kaunas og í upphafi og lok ferðar kíktum við á Helsinki.

Takk fyrir frábæra ferð, Hugrún Björk



Ferðafélagar: Hermann Már RT-6, Hildur Bára LC-6, Bjarki Már RT-6, Raket Hólm LC-3 og Einar Júlíus RT-6.

